

Reykjavík, 24. janúar 2020

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Sölvhólsögötu 7  
101 Reykjavík  
srn@srn.is

**Efni: Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini.**

Hinn 14. janúar sl. birti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 830/2011, um ökuskírteini, á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Meðal aðila að SVP – Samtökum verslunar og þjónustu eru Samtök ökuskóla. Reglugerðardrögin hafa verið tekin til skoðunar á þeim vettvangi og vilja SVP koma tveimur athugasemdum á framfæri fyrir hönd síðarnefndu samtakanna.

Í 2. tölul. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 830/2011, sbr. 2. másl. 4. mgr. sömu greinar reglugerðarinnar, er það gert að skilyrði fyrir veitingu ökuskírteinis fyrir ökutækjaflokk sem umsækjandi hefur ekki áður haft ökuskírteini fyrir að hann hafi sótt bóklegt nám í ökuskóla sem hefur starfsleyfi þar sem tiltekinn hluti má hafa verið tekinn í fjarnámi. Í 4. gr. reglugerðardraganna er lagt upp með þá breytingu á framangreindum ákvæðum að bókleg kennsla geti farið fram rafrænt að hluta til eða *öllu leyti*. Bent hefur verið á að fræðilegu námi fyrir flokk A (bifhjól) og flokk B (bifreið) hafi verið unnt að ljúka á rafrænan máta um nokkra hríð og hefur reynslan af því fyrirkomulagi verið ágæt. Annað á við um aukin ökuréttindi en því hefur verið lýst að það geti vel verið ásættanleg niðurstaða að slík kennsla farið að hluta fram með rafrænum hætti. Hins vegar hefur komið fram rík andstaða við að kennslan fari alfarið fram með þeim hætti. Til þess er að líta að það er meðal kosta hefðbundinnar kennslu að hún skapar gott tækifæri fyrir kennara til að ná til nemenda og eiga við þá samtöl og skoðanaskipti. Með þeim hætti myndast gott tækifæri fyrir kennara til að hafa jákvæð áhrif á viðhorf og skilning nemenda á námsefninu. Verði sú breyting sem lagt er upp með í 4. gr. reglugerðardraganna er verulega hætt við að þeim ávinningi verði fórnad.

Í 36. gr. reglugerðar nr. 830/2011 er fjallað um ökukennaranám. Í 2. mgr. reglugerðargreinarinnar er efnislega kveðið á um að í samningi Samgöngustofu við skóla á háskólastigi um ökukennaranám skuli m.a. kveðið á um reglulega endurmenntun ökukennara á námskeiði þar sem fjöldi kennslustunda skal nema a.m.k. 35 í 7 stunda lotum. Í 14. gr. reglugerðardraganna er áformað að draga úr kröfum um fjölda kennslustunda með þeim hætti að í stað 35 stunda í 7 lotum verði aðeins gerð krafa um 16 kennslustundir. Á vettvangi Samtaka ökuskóla innan SVP hefur komið fram að ökukennarar hafi ekki krafist slíkrar styttingar heldur þvert á móti. Hefur í því samhengi verið bent á að ekki virðist áform um að fækka kennslustundum vegna endurmenntunar bílstjóra skv. 14. gr. reglugerðarinnar sem nær til þeirra sem sækja um endurnýjun ökuskírteinis fyrir D1- og D-flokka fyrir farþegaflutninga í atvinnuskyni og C1- og C-flokka til vöruflutninga í atvinnuskyni. Verði breytingin að veruleika mun því hafa skapast verulegt ósamræmi, minni kröfur verða gerðar til endurmenntunar ökukennara en nemenda þeirra.

**Í ljósi framangreinds leggjast SVP, f.h. Samtaka ökuskóla, gegn því að bókleg kennsla skv. 2. tölul. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 830/2011, sbr. 2. másl. 4. mgr. sömu greinar reglugerðarinnar, geti að öllu leyti orðið rafræn í tilviki aukinna ökuréttinda. Að sama skapi leggjast samtökin gegn því að kröfum um fjölda kennslustunda í endurmenntun ökukennara verði fækkað úr 35 stundum í 16 stundir.**

Virðingarfyllt,



*Benedikt S. Benediktsson*  
*lögfræðingur*